

Strandsvæðisskipulag

Gagnalýsing



Febrúar 2024

Efnisyfirlit

1	Yfirlit	3
2	Umfang.....	4
3	Auðkenning	4
4	Gagnatilhögun	4
4.1	Fitjutegundin Skipulag.....	5
4.2	Fitjutegundin Nýting	7
5	Hnitakerfi.....	9
6	Gæði	9
7	Viðhald og miðlun gagna.....	9
8	Lýsigögn.....	9

1 Yfirlit

Titill	Strandsvæðisskipulag, gagnalýsing
Dagsetning	Febrúar 2024
Ábyrgðaraðili	Skipulagsstofnun Borgartúni 7b, 105 Reykjavík Netfang: skipulag@skipulag.is

UM GÖGNIN

Gagnalýsing þessi lýsir tilhögun og innihaldi stafrænna gagna strandsvæðisskipulags.

Strandsvæðisskipulag nær yfir afmörkuð svæði á fjörðum og flóum utan staðarmarka sveitarfélaga, þar sem sett er fram stefna og ákvarðanir stjórnvalda um framtíðarnýtingu og vernd innan svæða.

Gagnalýsingunni er ætlað að samræma stafræn gögn strandsvæðisskipulags og auðvelda notkun þeirra og túlkun. Í gagnalýsingunni er fitjutegundum og fitjueigindum stafræns strandsvæðisskipulags lýst.

Gagnalýsingin er sett fram í samræmi við staðal ÍST EN ISO 19131:2008 um gagnalýsingar fyrir landupplýsingagögn og eftir atvikum í samræmi við aðra ISO staðla. Til hliðsjónar var einnig gagnalýsing fyrir örnefni frá Landmælingum Íslands.

Strandsvæðisskipulag er unnið í samvinnu ríkis og sveitarfélaga þar sem svæðisráð bera ábyrgð á gerð strandsvæðisskipulags fyrir afmörkuð svæði. Skipulagsstofnun vinnur að gerð þess í umboði svæðisráða, annast gerð gagnalýsingar og hefur umsjón með stafrænum gögnum.

Gögn stafræns strandsvæðisskipulags verða öllum opin og nýtast jafnt almenningi, opinberum aðilum og atvinnulífínu. Hægt verður að nálgast þau á heimasíðu Skipulagsstofnunar.

HELSTU HUGTÖK

Gagnalýsing
(data product specification)

Opinbert skjal þar sem sett er fram lýsing á því hvernig landupplýsingagögn um tiltekið efni eru flokkuð og skráð. Lýsingin nær yfir gögn sem saman mynda ákveðna afurð, t.d. stafrænt strandsvæðisskipulag.

Landupplýsingar
(geographic information)

Gögn og upplýsingar sem tengjast stað á, í eða yfir jörðu, hvort heldur með hnitum eða auðkenni, t.d. staðfang eða póstnúmer.

Landupplýsingakerfi
(geographical information system)

Ýmsir miðlar og kerfi sem meðhöndla, greina og birta landupplýsingar, þar á meðal er hugbúnaður sem getur varðveitt, greint og birt landupplýsingar. Til dæmis ArcGIS eða QGIS.

Fitja
(feature)

Líkan af náttúrulegu eða manngerðu fyrirbæri sem á sér staðsetningu eða umfang á, í eða yfir jörðu. Fitja getur verið auðkennd sem punktur, lína eða fláki. Í strandsvæðisskipulagi getur það m.a. átt við reit sem afmarkaður er fyrir tiltekin nýtingarflokk.

Fitjueigind (feature attribute)	Fitjueigind er eiginleiki eða einkenni fitju. Í strandsvæðisskipulagi getur fitjueigind m.a. verið heiti nýtingarflokks og sértæk skipulagsákvæði.
Fitjutegund (feature type)	Flokkur fitja, sem búa yfir sömu eiginleikum. Í strandsvæðisskipulagi eru t.d. nýtingarflokkar ein fitjutegund þar sem þeir eiga það sameiginlegt að vera flákar sem skilgreina stefnu um nýtingu á tilteknu svæði.
Gagnagrunnur (database)	Skipulagt kerfi til að geyma tölvuskráð gögn um tiltekið efni, skipa þeim niður eftir innbyrðis venslum, vinna úr þeim og heimta þau.
Fláki (polygon)	Afmarkað svæði sem myndað er úr þremur eða fleiri línur sem tengjast og mynda þannig eina heild. Dæmi um fláka í strandsvæðisskipulagi getur til að mynda verið nýtingarreitur sem þekur ákveðið landsvæði.

2 Umfang

Gögnin innihalda stafræn gögn strandsvæðisskipulags sem unnið er samkvæmt lögum nr. 88/2018 um skipulag haf- og strandsvæða og reglugerð 330/2020 um gerð strandsvæðisskipulags. Gögnin ná yfir svæði frá netlögum að grunnlínu landhelgi, viðmiðunar línu sem tilgreind er í 5. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 79/1997.

Strandsvæðisskipulag er unnið í samvinnu ríkis og sveitarfélaga. Ráðherra skipulagsmála skipar svæðisráð sem bera ábyrgð á gerð strandsvæðisskipulags fyrir afmörkuð svæði. Skipulagsstofnun vinnur að gerð þess í umboði svæðisráða og heldur heldur utan um stafræn gögn í landfræðilegum gagnagrunni sem stækkar og uppfærir jafnóðum og strandsvæðisskipulag fyrir mismunandi landshluta er unnið.

Endanlegt landfræðilegt umfang gagnanna verður því svæði frá netalögum að grunnlínu landhelgi meðfram allri strandlínu Íslands.

3 Auðkenning

Titill	Strandsvæðisskipulag, gagnalýsing
Landfræðilegt umfang	Stafræn gögn strandsvæðisskipulags sem unnið er samkvæmt lögum nr. 88/2018 um skipulag haf- og strandsvæða og reglugerð 330/2020 um gerð strandsvæðisskipulags.
Tilgangur	Gagnalýsingunni er ætlað að lýsa tilhögun stafrænna gagna strandsvæðisskipulags og auðvelda notkun og túlkun þeirra. Allir hafa aðgang að gögnunum sem nýtast jafnt almenningi, opinberum aðilum og atvinnulífnum.

4 Gagnatilhögun

Gögnin samanstanda af tveimur fitjutegundum.

Heiti fitjutegunda og eiginda eru í samræmi við tilmæli í ISO 19103 og innihalda ekki séríslenska stafi, tákn eða stafabil.

- **Heiti fitjueiginda** sem samsett eru úr mörgum orðum eru mynduð með því að steypa saman orðum án bils með fyrsta staf í seinna orði með hástaf en aðra stafi lágstafi (t.d. gildirTil).
- **Heiti fitjutegunda** sem eru samsett úr mörgum orðum lúta sömu reglum og heiti fitjueiginda nema að því leyti að fyrsti stafur er einnig hástafur.

4.1 FITJUTEGUNDIN SKIPULAG

Fitjutegundin *Skipulag* nær yfir heildarafmörkun strandsvæðisskipulags eða afmörkun breytingar á strandsvæðisskipulagi þegar um breytingu á strandsvæðisskipulagi er að ræða.

Tafla 1. Fitjueigindir fyrir fitjutegundina Skipulag.

Fitjueigindir

Eigind: **audkenni (auðkenni)**

Gerð: Textastrengur
 Skilgreining: Auðkenni fitju, notað til venslunar.

Eigind: **heiti**

Gerð: Textastrengur
 Skilgreining: Opinbert heiti strandsvæðisskipulags. Þegar um breytingu er að ræða er sett fram opinbert heiti ásamt heiti breytingar.

Eigind: **skipStig (skipulagsstig)**

Gerð: Textastrengur
 Skilgreining: Heiti skipulagsstigs samkvæmt lögum nr. 88/2018, um skipulag haf- og strandsvæða.

Eigind: **malsMed (málsmeðferð)**

Gerð: Textastrengur
 Skilgreining: Tilgreinir þá málsmeðferð sem skipulag fær samkvæmt lögum nr. 88/2018, um skipulag haf- og strandsvæða, hvort um heildarskipulag er að ræða eða breytingu á skipulagi.

Tilbúin gildi:

STSK	Strandsvæðisskipulag
BR	Breyting á strandsvæðisskipulagi
OBR	Óveruleg breyting á strandsvæðisskipulagi

Eigind: **heitiStj (heiti stjórnvalds)**

Gerð: Textastrengur
 Skilgreining: Heiti svæðisráðs sem skipað er fulltrúum aðliggjandi sveitarfélaga og ráðherra og skilgreint er í lögum um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018.

Eigind: **nrSvf (númer sveitarfélaga)**

Gerð: Textastrengur
 Skilgreining: Opinber númer aðliggjandi sveitarfélaga, með kommu á milli númera.

Eigind: **fyrirm (fyrirmæli)**

Gerð: Textastrengur
 Skilgreining: Tilvísanir í lög og reglugerð sem skipulagið er unnið eftir, þ.e. lög um skipulag haf og strandsvæða og reglugerð um skipulag haf- og strandsvæða.

Eigind: grunnur (kortagrunnur)

Gerð: Textastrengur

Skilgreining: Upplýsingar um kortagrunna sem landfræðileg afmörkun skipulagsákvæðana byggir á. Skráð er nafn framleiðanda, nafn gagnasetts, útgáfunúmer og dagsetning eftir því sem við á.

Eigind: gildirFra (gildir frá)

Gerð: Dagsetning

Skilgreining: Dagurinn sem viðkomandi skipulagsgagn tekur gildi, með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda.

Eigind: gildirTil (gildir til)

Gerð: Dagsetning

Skilgreining: Síðasti dagur sem skipulagsgagn er í gildi. Á einungis við þegar ný skipulagsákvörðun tekur gildi sem fellir viðkomandi skipulagsgagn úr gildi.

Eigind: vidTekur (við tekur)

Gerð: Textastrengur

Skilgreining: Auðkenni þess strandsvæðisskipulags sem tekur við af skipulagsákvörðun sem felld er úr gildi. Á einungis við þegar viðkomandi skipulagsgögn falla úr gildi.

Eigind: skipnr (skipulagsnúmer)

Gerð: Textastrengur

Skilgreining: Einkvæmt númer viðkomandi skipulagsáætlunar. Fyllt út af Skipulagsstofnun.

Eigind: skipulagsskjol (skipulagsskjöl)

Gerð: Textastrengur

Skilgreining: Vefslóð sem vísar á þau skjöl sem tilheyra viðkomandi strandsvæðisskipulagi. Til dæmis umhverfismatsskýrslu, greinargerð og upprætti.

4.2 FITJUTEGUNDIN NÝTING

Í strandssvæðisskipulagi er mörkuð stefna um framtíðarnýtingu og vernd á afmörkuðum svæðum á fjörðum og flóum utan staðamarka sveitarfélaga. Á svæðunum eru afmarkaðir reitir sem flokkaðir eru í nýtingarflokka eins og þeir eru skilgreindir í reglugerð nr. 330/2022 um gerð strandssvæðisskipulags, m.s.br. og tiltekin skipulagsákvæði gilda um. Nýtingarflokkar geta skarast í þeim tilvikum þar sem hagsmunir ólíkrar nýtingar geta farið saman.

Fitjur af fitjutegundinni *Nýting* eru flákar sem afmarka reiti mismunandi nýtingarflokka og lýsa stefnu og skipulagsákvæðum innan viðkomandi reita. Ef nýtingarreitur samanstendur af fleiri en einni landfræðilegri heild er teiknuð ein fitja fyrir öll svæðin (e. multipolygon).

Tafla 2. Fitjueigindir fyrir fitjutegundina Nýting.

Fitjueigindir	
Eigind: audkenni (auðkenni)	
Gerð:	Textastrengur
Skilgreining:	Auðkenni fitju, notað til venslunar.
Eigind: flokkur (nýtingarflokkur)	
Gerð:	Textastrengur
Skilgreining:	Heiti nýtingarflokks í samræmi við reglugerð nr. 330/2022 um gerð strandssvæðisskipulags
	Tilbúin gildi:
	A Almenn nýting
	LV Lagnir og vegir
	O Orkuvinnsla
	SI Siglingar
	SN Staðbundin nýting
	UN Umhverfi og náttúra
Eigind: numer (númer nýtingarreits)	
Gerð:	Heiltala
Skilgreining:	Hlaupandi númer reits sem notað er til auðkenningar innan hvers nýtingarflokks og til að tengja staðbundin ákvæði í greinargerð við viðkomandi reit á skipulagsupprætti.
Eigind: heiti	
Gerð:	Textastrengur
Skilgreining:	Heiti sem notað er til að vísa í reitinn í daglegu tali.
Eigind: akvSer (sértæk ákvæði)	
Gerð:	Textastrengur
Skilgreining:	Skipulagsákvæði sem gilda um þann reit sem fitjan afmarkar umfram það sem kemur fram í stefnu og almennum skipulagsákvæðum viðkomandi strandssvæðisskipulags.
Eigind: akvAlm (almenn ákvæði)	
Gerð:	Textastrengur
Skilgreining:	Almenn skipulagsákvæði sem gilda um þann nýtingarflokk sem fitjan afmarkar.

Eigind: **grunnöggn (grunnöggn)**

Gerð: Textastrengur

Skilgreining: Upplýsingar um grunnöggn sem landfræðileg afmörkun fitjunnar byggir á, sbr. loftmyndir, landhæðarlíkan eða afmörkun friðlýstra svæða. Skráð er nafn framleiðanda, nafn gagnasetts, útgáfunúmer og dagsetning eftir því sem við á.

Á aðeins við ef afmörkun viðkomandi fitju byggir ekki á sama grunni og tilgreindur er sem kortagrunnur í fitjutegundinni *Skipulag*. Ef ekkert er tekið fram er gert ráð fyrir að viðkomandi fitja byggi á sama grunni og gefinn er upp fyrir strandsvæðisskipulagið í heild.

Eigind: **nakvaemni (nákvæmni)**

Gerð: Textastrengur

Skilgreining: Mælikvarði þess skipulagsuppráttar sem fitjan er sett fram á, segir til um nákvæmni túlkunar á landfræðilegum afmörkunum.

Eigind: **gildirFra (gildir frá)**

Gerð: Dagsetning

Skilgreining: Dagurinn sem viðkomandi skipulagsgagn tekur gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda.

Eigind: **gildirTil (gildir til)**

Gerð: Dagsetning

Skilgreining: Síðasti dagur sem skipulagsgagn er í gildi.

Fyllt út þegar ný skipulagsákvörðun tekur gildi, sem fellir viðkomandi ákvörðun úr gildi.

Eigind: **lysing (lýsing á reit)**

Gerð: Textastrengur

Skilgreining: Nánari lýsing eða útskýring á aðstæðum á viðkomandi fitju og er eftir atvikum forsendur fyrir skipulagsákvörðun.

Eigind: **skipnr (skipulagsnúmer)**

Gerð: Textastrengur

Skilgreining: Einkvæmt númer viðkomandi skipulagsáætlunar.

Fyllt út af Skipulagsstofnun.

5 Hnitakerfi

Gögn sem þessi gagnalýsing nær til eru sett fram í hnitakerfinu ÍSN93 (EPSG:3057).

6 Gæði

Stafrænt strandsvæðisskipulag á að endurspeglar stefnu og skipulagsákvæði sem sett er fram í staðfestu strandsvæðisskipulagi. Komi upp vafamál eða ágreiningur um túlkun strandsvæðisskipulags á stafrænu formi, eða ef misræmi er á milli stafrænna gagna og staðfesta gagna, gilda staðfest gögn strandsvæðisskipulags. Þ.e. útprentaður staðfestur skipulagsuppráttur í réttum mælikvarða og greinargerð.

Fitjur í stafrænu strandsvæðisskipulagi eru almennt ekki afmarkaðar mjög nákvæmt. Nákvæmni túlkunar á landfræðilegum afmörkunum í stafrænu strandsvæðisskipulagi ræðst af mælikvarða staðfesta skipulagsuppráttanna.

7 Viðhald og miðlun gagna

Allar lagfæringar, breytingar og endurskoðun á skipulagsgögnum eru á forræði svæðisráða sem skipuð eru af ráðherra. Skipulagsstofnun annast gerð strandsvæðisskipulags í þeirra umboði og hefur umsjón með varðveislu og miðlun stafrænna gagna strandsvæðisskipulags. Stafrænir grunnar verða aðgengilegir á hafskipulag.is.

Opin gögn Skipulagsstofnunar eru gefin út samkvæmt [Creative Commons Attribution 4.0 International License](#). Það þýðir í grófum dráttum að nefna þarf viðkomandi svæðisráð sem ábyrgðaraðila gagnanna, Skipulagsstofnun sem heldur utanum gögnin, heiti gagnasafns og tíma sem gögn voru sótt. Dæmi: Svæðisráð Vestfjarða, 2022. Strandssvæðisskipulag Vestfjarða 2022, sótt í skipulagsgagnagrunn Skipulagsstofnunar í apríl 2024.

8 Lýsigögn

Í lögum um grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar (nr. 44/2011) er kveðið á um að stjórnvöld skuli skrá lýsigögn fyrir stafrænar landupplýsingar og vefþjónustu sem þau eiga, reka eða varðveita. Lýsigögn gefa upplýsingar um einkenni og eiginleika gagnasafna. Meðal þess sem sett er fram í lýsigögnum eru upplýsingar um umfang og nákvæmni gagna, hvort þau séu hluti af stærra gagnamengi, hvenær gögnin eru unnin, hver ber ábyrgð á gögnunum og aðrar upplýsingar sem eiga við viðkomandi gögn.

Lýsigögn fyrir stafrænt strandsvæðisskipulag verða skráð í Lýsigagnagátt Landmælinga Íslands.